

48. gr.

Öll gjöld samkv. reglugerð þessari má taka lögtaki.

49. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

Sektirnar renna í hafnarsjóð landshafnarinnar.

50. gr.

Með mál út af reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 61 13. maí 1966 um landshöfn í Þorlákshöfn til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um hafnargjöld í Þorlákshöfn, sbr. reglugerð nr. 83 frá 15. apríl 1952 og nr. 78 frá 24. apríl 1963.

Samgönguráðuneytið, 5. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Kristinn Gunnarsson.

REGLUGERÐ**um sóttkví og einangrun á innfluttum minkum.**

1. gr.

Meðan ríkið kemur ekki á fót einangrunarstöð eða sóttkví fyrir innflutta minka, skal innflytjandi sjá um einangrun dýranna á sinn kostnað og ábyrgð.

Til einangrunar í þessu skyni má nota loðdýrabú fyrir minka, ef þau fullnægja að mati veiðistjóra ákvæðum reglugerðar um loðdýrarækt. Ef reist er sérstök einangrunarstöð, skal tilhögun og útbúnaður samþykktur af yfirdýralækni og veiðistjóra, áður en þangað er fluttur minkur.

Meðan á sóttkví stendur, skal eigandi dýranna ásamt hirði eða umsjónarmanni gæta þess, að eftirgreindar reglur séu virtar og svara til saka, ef brot eiga sér stað.

2. gr.

Hver sá, sem fengið hefur leyfi landbúnaðarráðuneytisins til þess að flytja minka til landsins, skal, ef dýrin reynast heilbrigð við komuna til landsins og þeim fylgja tilskilin, fullgild vottorð, þegar í stað flytja dýrin í sóttkví.

Við flutning minka í sóttkví skal þess gætt, að dýrin séu geymd í læstum kössum eða búrum og flutt í lokuðum vögnum og komi ekki í snertingu við önnur dýr. Þess skal vandlega gætt, meðan á flutningi stendur, að hvergi slæðist eða verði eftir neitt það, sem smíðhætta getur stafað af, t. d. hálmur, hey, saur, matarleyfar, áhöld o. a. þ. h. Að loknum flutningi skal þegar í stað hreinsa og sótthreinsa flutningstæki að fyrirsögn embættisdýralæknis.

3. gr.

Þegar dýrin hafa verið færð í einangrun skal lögreglustjóri eða fulltrúi hans, ásamt viðkomandi héraðsdýralækni, ganga úr skugga um, að skrá sú sem innflytjandi hefur gert um hin innfluttu dýr, sé rétt.

Skal innflytjandi láta í té aðstoð og upplýsingar, sem óskað er eftir og nauðsynleg kann að vera við þá athugun. Tilgreina skal á skránni tegund dýranna og afbrigði, aldur þeirra og kyn.

4. gr.

Meðan dýrin eru í sóttkví skal eigandi eða umráðamaður dýranna skrifa niður jafnóðum upplýsingar um hvers konar sjúkdóma og vanhöld, sem fram kunna að koma í hinum innfluttu dýrum, t. d. ef dýr drepast, týnast eða eru deydd, meðan á einangrun stendur. Skulu upplýsingar þessar ávallt tiltækar, þegar skoðun og heilbrigðiseftirlit er framkvæmt á dýrunum.

5. gr.

Héraðsdýralæknir skal að jafnaði skoða hin innfluttu dýr mánaðarlega, en oftast ef tilefni er til. Skal umráðamaður dýranna veita alla nauðsynlega aðstoð við skoðunina. Ef upp kemur sjúkdómur í dýrunum, skal umráðamaður eða eigandi gera viðkomandi dýralækni viðvart þegar í stað. Alla skrokka af sjúkum dýrum skal umráðamaður varðveita og senda til rannsóknar í samráði við héraðsdýralækni til þess að fá úr því skorið, um hvaða sjúkdóm hafi verið að ræða. Við sendingu á hræjum til rannsóknar skal svo um búið, að girt sé fyrir, að smithætta stafi af sendingunni. Jafnframt skal svo um hræið búið, að það berist í hæfu ástandi til rannsóknar. Sendingu skal fylgja ítarleg lýsing á einkennum og gangi sjúkdómsins. Skal héraðsdýralæknir þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að, forða frekari útbreiðslu og tjóni af völdum sjúkdómsins, meðan beðið er eftir niðurstöðum rannsóknar.

6. gr.

Eigandi ber ábyrgð á vanhöldum, óhöppum og slysum, sem loðdýr kunna að verða fyrir eða valda, meðan á sóttkví stendur.

Nú kemur upp smitsjúkdómur í innfluttum minkum, meðan þeir eru geymdir í sóttkví og er þá heimilt að fyrirskipa ónæmisaðgerðir á öllum hinum innfluttu dýrum, eða ef um hættulegan hér óþekktan sjúkdóm er að ræða, að láta farga öllum hinum innfluttu dýrum eða hluta þeirra á kostnað eiganda, bótalaust.

Sama máli gegnir um önnur loðdýr, hafi þau orðið fyrir smiti.

Hræ, sem ekki eru send til rannsókna, og annað, sem smithætta getur stafað af, skal brenna, að fyrirmælum viðkomandi héraðsdýralæknis. Heimilt er þó að hirða feldi af dýrunum, ef hægt er að haga svo til og búa um, að af því stafi ekki smithætta að mati héraðsdýralæknis.

Eigendum og umráðamönnum innfluttra dýra er skylt að leggja fram nauðsynlega vinnu við hreinsun og sótthreinsun að lokinni förgun dýranna, sem og að aðstoða við ónæmisaðgerðir, eftir því sem óskað er og þörf krefur.

7. gr.

Meðan innfluttir minkar eru í sóttkví, er óheimilt að flytja úr sóttkví lifandi dýr, eða flytja þangað lifandi minka eða önnur dýr.

Feldi af innfluttum dýrum, sem í sóttkví eru eða dýrum, sem þar kunna að fæðast, má nýta, enda séu dýrin drepin og flegin á staðnum og þess gætt, að með skinnunum berist ekki smit í dýr utan sóttkvinnar. Óheimilt er að geyma í sóttkví önnur dýr en minka.

8. gr.

Þeir sem gæta og hirða um minka, sem eru í sóttkví, skulu við störf sín nota sérstök hlífðarföt, sem ekki má nota við önnur störf. Gæta skal þess, að verkfæri og áhöld ýmis konar, sem nauðsynleg eru við hirðingu dýranna, séu ekki fjarlægð eða flutt á önnur bú, þar sem þau gætu valdið smiti.

Þeim, sem hirða dýr í sóttkví, er óheimilt að koma á önnur loðdýrabú, loðdýrasýningar o. þ. h.

Óviðkomandi er með öllu bannaður aðgangur að húsum og girðingum, þar sem innflutt dýr eru höfð í sóttkví.

Skal gæzlumaður setja upp merki á áberandi stöðum með eftirfarandi áletrun: „Sóttkví. Aðgangur stranglega bannaður“.

9. gr.

Starfsmenn þeir, sem hirða um minka í sóttkví, skulu gæta þess, að hinum innfluttu dýrum sé ávallt haldið tryggilega frá öllum öðrum dýrum þar með taldir hundar, kettir og minkar. Komist þessi siðastöldu dýr inn fyrir girðingar sóttkvinnar, skal þeim fargað.

Þar sem því verður við komið, skal girða með fjárheldri girðingu kringum sóttkvína til þess að halda búfé í hæfilegri fjarlægð frá henni.

10. gr.

Í sóttkví, þar sem innfluttir minkar eru geymdir, skal öll umgengni vera þrifa-
leg og fyllstu reglusemi gætt í hvívetna.

Góð aðstaða til hreinsunar og sóthreinsunar skal vera fyrir hendi og greiður aðgangur að heitu og köldu vatni.

Búr og bæli dýranna skal hreinsa einu sinni til tvisvar í viku hverri. Undir búrunum skal haft malar- eða sandlag til að taka við þvagi og annarri vætu. Moka skal undan búrunum einu sinni til tvisvar í viku. Um tilhögun húsa, skála, búra og girðinga skal fara samkvæmt fyrirmælum um minkabú, sbr. reglugerð um loðdýrarækt.

11. gr.

Heyi, hálmi, saur, matarleifum og öðru, sem til fellur, við eldi dýranna í sóttkví, skal safnað saman í sérstaka geyma undir loki, unz fært er að grafa það eða brenna, sé eigi unnt að brenna það jafnóðum.

Þess skal gætt, að með frárennsli geti ekki borizt smitnæmur úrgangur, sem öðrum dýrum getur stafað hætta af.

Þess skal gætt, að öll ílát, sem notuð eru við aðdrætti á fóðri, sé haldið vel hreinum og sóthreinsuð, þegar þörf krefur.

12. gr.

Minkum, sem fluttir eru til landsins, skal halda í sóttkví eigi skemur en 16 mánuði. Ef ekki hefur orðið vart smitsjúkdóma á þeim tíma, er heimilt með samþykki héraðsdýralæknis að flytja afkvæmi innfluttra dýra úr sóttkvinni. Hin innfluttu dýr skulu hins vegar geymd æfilangt í sóttkvinni, og er óheimilt að flytja þau þaðan lifandi.

13. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum til ríkissjóðs, allt að 20 000.00 kr. og öðrum viðurlögum samkv. lögum nr. 68 28. maí 1969.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 68 28. maí 1969, um loðdýrarækt, og reglugerð um sama efni nr. 282 11. nóvember 1969 (7.—10. gr.), lögum nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár, og lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 282 16. nóvember 1969, um loðdýrarækt.

1. gr.

Töluliður A.1 í 15. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

1. **Vírnetsbúr:** Minkabúr skal gert úr vírneti, möskvastærð $1'' \times 1''$ nr. 15, með tvöfaldri galvaniseraðri húð. Milli búra skal vera tvöfalt net, þegar notað er vírnet með möskvastærð $\frac{1}{2}'' \times 1''$ nr. 18, en einfalt net, þegar notað er vírnet með möskvastærð $\frac{1}{2}'' \times \frac{1}{4}''$, nr. 17. Stærð búranna skal vera að minnsta kosti $30 \times 40 \times 75$ cm.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 68 28. maí 1969, um loðdýrarækt, lögum nr. 11 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, lögum nr. 124. 22. desember 1947, um dýralækna, og lögum nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

Landbúnaðarráðuneytið, 5. febrúar 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og samkvæmt tillögum bæjarstjórnar Kópavogs er hér með ákveðinn einstefnuakstur á Skjólbraut, þannig að einungis er heimilt að aka götuna frá Kópavogsbraut til norðurs og síðan í austur að Hafnarfjarðarvegi. Öll umferð í vesturátt og suðurátt á götu þessari er bönnuð

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 12. janúar 1970.

Sigurgeir Jónsson.